

Ed.

395. Nefndarálit

um frv. til laga um málflytjendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, borið það saman við gildandi lög og leitað um það álits dómara hæstaréttar og Málflutningsmannafél. Íslands.

Í frv. eru dregin saman í eina heild gildandi lagaákvæði um málflytjendur, og eru í því ýmis nýmæli, svo sem að þeir, sem lokið hafa lagaprófi með II. einkunn, geta nú orðið hæstaréttarlögmenn, en áður var þetta bundið við I. einkunn. Virðist nefndinni frv. í heild sinni vera til bóta og leggur því til, að það verði samþykkt, en vill þó gera á því nokkrar breytingar.

Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir, að gjaldskrá félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna skuli staðfest af dómsmálaráðherra. Yrði þetta ákvæði lögfest, telur nefndin, að ganga megi út frá, að dómstólar, sem dæma þurfa um ágreining, er risa kann á milli málflytjanda og umbjóðanda hans um upphæð þóknunar fyrir störf, er gjaldskráin tekur til, mundu telja sig bundna við ákvæði hennar, eftir að hún hefði öðlazzt opinbera löggildingu, svo að önnur sjónarmið kæmu þar ekki til greina. Telur nefndin ekki rétt að binda svo hendur dómstólanna í þessu efni og leggur því til, að þetta ákvæði verði fellt niður.

Í síðustu mgr. 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að maður, sem verið hefur hæstaréttardómari, prófessor í lögum, dómari í Reykjavík, bæjarfógeti eða dómsmálaráðherra, sé undanþeginn því að þreyta prófraun þá, sem um getur í 9. gr. 7. Um þetta ákvæði munu vera allskiptar skoðanir. Þannig hefur Málflutningsmannafél. Íslands lagt til, að það verði fellt niður úr frv. Um það verður þó varla deilt, að ástæðulaust sé að krefjast slíks prófs af þeim, sem verið hafa hæstaréttardómarar eða prófessorar, en sama verður ekki sagt um alla, sem tilgreindir eru, t. d. bæjarfógeta í sumum kaupstöðum landsins, þar sem lítið er um dómsmál. En sé miðað við æfingu í dómstörfum, geta fleiri komið til greina, svo sem fulltrúar héraðsdómara, einkanlega dómara í Reykjavík og í stærri kaupstöðum. Nefndin telur, að fá megi viðunandi lausn á þessu máli með því að leggja það á vald hæstaréttar í hverju einstöku tilfelli, hvort krafizt skuli umræddrar prófraunar eða ekki, eða fækkað þeim málum, sem flytja skal, og vill þá bæta við fulltrúum skipaðra embættisdómara í Reykjavík og bæjarfógeta, enda hafi þeir haft löggildingu í minnst 5 ár.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir neinni undanþágu frá tilskilinni prófraun fyrir héraðsdómslögmenm, sem þó ekki virðist síður ástæða til en að því er snertir hæstaréttarlögmennina. Hefur nefndin talið rétt að taka upp í frv. gildandi ákvæði um þetta efni, þ. e. að þeir, sem hafa verið skipaðir í fastar dómarastöður eða skipa má í slík embætti, skuli undanþegnir ákvæðum 14. gr. 6. lið.

Samkv. framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 7. gr. Orðin „og gjaldskrá“ falli burtu.
2. Við 9. gr. Síðasta mgr. orðist svo:

Heimilt er hæstarétti að veita manni, sem verið hefur hæstaréttardómari, prófessor í lögum, dómsmálaráðherra, skipaður embættisdómari í Reykjavík, bæjarfógeti og fulltrúi þeirra, er haft hefur löggildingu til almennra dómara starfa í 5 ár, undanþágu frá framan greindri prófraun, að nokkru eða öllu leyti.

3. Við 14. gr. Á eftir síðustu mgr. komi ný mgr., er hljóði svo.

Þeir, er skipaðir hafa verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í slíka stöðu, eru undanþegnir ákvæðum 6. tölul. þessarar greinar.

Alþingi, 11. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Magnús Gíslason,
frsm.